

**MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM
SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993
VEGNA LAGNINGAR HÓLMAVÍKURVEGAR NR. 61
OG BORÐEYRARVEGAR NR. 640
Í VESTANVERÐUM HRÚTAFIRÐI**

ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

1. INNGANGUR

Með vísan til laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum var eftirtalin framkvæmd tilkynnt til frumathugunar hjá Skipulagi ríkisins, samkvæmt 8. grein laganna.

Framkvæmd: Endurbygging Hólmavíkurvegur nr. 61 í vestanverðum Hrútafirði frá Valdasteinsstöðum um Borðeyri að Laugarholti og vegartenging Borðeyrarvegur nr. 640 frá Hólmavíkurvegi niður á Borðeyri.

Framkvæmdaraðili: Vegagerðin.

Frumathugun: Framkvæmdin var tilkynnt til embættis skipulagsstjóra ríkisins þann 4. júlí 1994 og auglýst opinberlega þann 14. júlí 1994. Auglýsingin birtist í Morgunblaðinu og Sjónaukanum, Hvammstanga. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 14. júlí til 18. ágúst 1994 hjá Skipulagi ríkisins og í Sparisjóðnum á Borðeyri. Engin athugasemd barst á kynningartíma. Leitað var umsagnar fimm opinberra umsagnaraðila, Ferðamálaráðs, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, sveitarstjórnar Bæjarhrepps og Þjóðminjasafnsins.

Gögn lögð fram við frumathugun:

1. Frummatsskýrsla. Hrútafjörður: Hólmavíkurvegur, Borðeyrarvegur, Umhverfismat, Vegagerðin, Ísafirði í júlí 1994.

2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **Ferðamálaráðs** með bréfi dagsettu 15. júlí 1994. Ítrekun var send 2. september 1994, en umsögn hefur ekki borist.

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi dagsettu 15. júlí 1994 og barst svar þann 10. ágúst 1994.

„Hollustuvernd ríkisins gerir ekki athugasemd við framkvæmdina sem slíka, en bendir á nokkur atriði í sambandi við skýrsluna sjálfa.

Hollustuvernd ríkisins vill benda á að það gæti verið eðlilegt að vegir séu skoðaðir í heild, en ekki eingöngu sá vegarhluti sem unnið sé við næst. Þannig er auðveldara að gera sér grein fyrir hve mikil röskun á sér stað vegna vegarbóta sem fyrir séð er að þarf að framkvæma“.

„Hollustuvernd ríkisins telur framkvæmdina þess eðlis að umhverfinu eigi ekki að stafa hætta frá loftmengun, vatnsmengun, hávaðamengun eða mengun frá úrgangi vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar“.

Leitað var umsagnar **Náttúruverndarráðs** með bréfi dagsettu 15. júlí 1994 og barst umsögnin 12. ágúst 1994. Þar segir meðal annars:

„Á fundi Náttúruverndarráðs var fjallað um umhverfisáhrif af fyrirhuguðum vegarframkvæmdum. Samþykkt var að gera ekki athugasemd við fyrirhugaða vegarlögn Hólmavíkurveggar (nr. 61).

Náttúruverndarráð gerir athugasemd við breytingu á Borðeyrarvegi (nr. 640). Lagst er gegn því að lagður verði vegur fyrir austan „verkstæðið“ og yfir hluta af fjörunni, eins og tillaga vegagerðar sýnir merkt tillaga 1. (Skýrsla Vegagerðar ríkisins, Ísafirði, júlí 1994), vegna náttúruverndar- og útivistarsjónarmiða. Náttúruverndarráð telur að vegarlögnin eigi að vera á milli grunnskólans og verkstæðisins. Mælt er með tillögu nr. II. eins og meðfylgjandi teikning sýnir (Vegagerð ríkisins tillaga nr. II, 14. október 1993). Þessi tillaga að vegarlögn mun hlífa fjörunni við jarðraski og falla betur að landslagi.

Það er stefna Náttúruverndarráðs að koma í veg fyrir mannvirkjagerð og efnisfyllingar svo nærri strandlengju að náttúrulegur gróður og dýralíf raskist. Fjaran er kjörlendi fyrir fjölda fugla og auk þess er hún gott útivistarsvæði með fræðslugildi“.

Athugasemd við umsögn Náttúruverndarráðs um Borðeyrarveg barst frá Vegagerðinni þann 5. september 1994. Þar segir meðal annars:

„Innst í Hrótafirði, við Fjarðarhornsgil, nær vegfláinn á um 40 m kafla fram á leiruna. Lagt er til að Borðeyrarvegur fari fram á leiruna, innan Borðeyrar, á um 120 m kafla, án þess þó að þekja hana alla. Lengd strandlengjunnar í vestanverðum Hrótafirði, frá Fjarðarhorni að Guðlaugsvík er um 35 km löng. 120 m þar af nema um 0,34% af allri strandlengjunni. Þetta hlutfall verður seint talið umtalsvert.

Náttúruverndarráð leggur til að vegurinn verði lagður samkvæmt tillögu II, þ.e. á svipuðum slóðum og núverandi tenging er. Verði það gert, verður útilokað að leggja götuna að grunnskólanum og tengja húsin innan hans, með viðunandi bratta, innan 8% halla, við götu. Náttúruverndarráð gerir sér ekki ljóst að vegfláinn, samkvæmt tillögu II, nær einnig fram á leiruna, þótt í minna mæli sé en samkvæmt framlagðri tillögu, sennilega á um 60 m kafla í stað 120 m kafla.

Náttúruverndarráð fullyrðir að tillaga II falli betur að landslaginu en framlögð tillaga, en það er næstum þvert á það álit, sem kemur fram í matsskýrslu Vegagerðarinnar, en þar segir að framlögð tillaga falli eigi síður að landslaginu en núverandi vegur niður á eyrina. Ekki er metið hvort um er að ræða örlítið brot af fjörunni eður ei. Ekki er spurt hvort vegurinn samkvæmt tillögu II sé fullnægjandi lausn. Tillögu II var hafnað, bæði af sveitarstjórn og Vegagerðinni, sem ófullnægjandi lausn, sem að útilokaði bætтар tengingar við öll hús ofan eyrarinnar. Þessar tengingar hafa verið ófullnægjandi, en breytt lega þjóðveggarins (61) opnaði möguleika til betrumbóta“.

Leitað var umsagnar **sveitarstjórnar Bæjarhrepps** með bréfi dagsettu 13. júlí 1994 og var sú ósk ítrekuð með símtali þann 31. ágúst 1994. Svohljóðandi umsögn barst 1. september 1994:

„Á fundi hreppsnefndar Bæjarhrepps, sem haldinn var 30. ágúst s.l. var eftirfarandi samþykkt gerð:

Hreppsnefnd Bæjarhrepps gerir engar athugasemdir við umhverfismat, varðandi lagningu nýs Hólmavíkurveggar (nr. 61) ofan Borðeyrar, svo og Borðeyrarveggar

(nr. 640) niður að Borðeyri. Varðandi húsgötur innan staðarins þá þurfa þær frekari athugunar við.

Vegna bréfs, sem Náttúruverndarráð sendi Skipulagi ríkisins, dagsett 10. ágúst s.l., sem umsögn ráðsins um fyrirhugaðar framkvæmdir á Hólmavíkurvegi og Borðeyrarvegi, ályktaði hreppsnefnd Bæjarhrepps.

Hreppsnefnd Bæjarhrepps leggst eindregið gegn því að vegur nr. 640, Borðeyrarvegur, verði lagður milli verkstæðisins og grunnskólans eins og tillaga II gerir ráð fyrir. (Vegagerð ríkisins tillaga nr. II 14. október 1993). Telur hreppsnefndin að heimamenn hljóti að sjá betur hvað hentar, en t.d. Náttúruverndarráð, sem þekkir ekki aðstæður á hverjum stað á öllum tímum árs.

Hreppsnefndin hefur lagt áherslu á að fá veginn austan verkstæðisins samkvæmt tillögu I (skýrsla Vegagerðar ríkisins, Ísafirði, júlí 1994), til að losna sem mest við snjó á vetrum og fá betri veglínu innan staðarins".

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi dagsettu 15. júlí 1994 og barst umsögn þann 2. ágúst 1994. Þar segir meðal annars:

„Á því svæði sem vegurinn verður lagður og efni tekið eru engar fornleifar á fornleifaskrá. Engar upplýsingar um skráðar minjar á þessu svæði er að finna í gögnum fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Í fljótu bragði verður ekki séð, að fornleifar séu í hættu.

Greint er frá rústum Refsstaða í landi Valdasteinsstaða í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1710. Á Þjóðminjasafni Íslands eru engin gögn um staðsetningu Refsstaða. Því verður að ganga úr skugga um hvort rústir bæjarins séu í hættu vegna framkvæmdanna. Vert er einnig að benda á, að á Stúfeyri rétt innan við Borðeyri eru forn skipanaust, sem þjóðminjavörður skoðaði 1993. Þau eru ekki í hættu vegna þessa vegar.

Margar af merkustu fornleifum þjóðarinnar hafa einmitt fundist við vegagerð. Framkvæmdaraðilum skal því sérstaklega bent á 18. til og með 21. grein þjóðminjalaganna, ef fornleifar kynnu að finnast við þessar framkvæmdir. Er það eindregin ósk minjavörslunnar, að þjóðminjaverði og fornleifadeild sé gert viðvart um það".

Skipulag ríkisins óskaði frekari upplýsinga frá Þjóðminjasafni Íslands, með bréfi dagsettu 1. september 1994. Í því bréfi segir meðal annars:

„Óljóst er hvernig túlka á ofangreinda umsögn og er því óskað svara við eftirfarandi:

- Gerir Þjóðminjasafnið athugasemd við framkvæmdina almennt?
- Hvað varðar Refsstaði, er þess óskað að Þjóðminjasafnið leggi til á hvern hátt það vill bregðast við í því máli, og ef ástæða er til, hvernig best sé að ganga úr skugga um hvort rústir bæjarins að Refsstöðum séu í hættu".

Svar barst frá Þjóðminjasafni Íslands dagsett 6. september 1994. Þar segir meðal annars:

„Af umsögn Þjóðminjasafns um Hólmavíkurveg er ljóst að ekki er hægt að ganga úr skugga um hvort minjar séu í hættu vegna framkvæmdanna, án undangenginnar vettvangskönnunar.

Í viðræðum var þess óskað af Skipulagi ríkisins að niðurstaða fengist sem fyrst um það hvort taka þurfi tillit til minja við lagningu vegarins.

Til að verða við þeim óskum hefur Þjóðminjasafnið sent Sigurð Bergsteinsson fornleifafræðing á staðinn til þess að annast vettvangskönnun á umræddu svæði. Gert er ráð fyrir að könnunin taki 1-2 daga og að niðurstaða muni liggja fyrir í lok vikunnar.

Þar til hún liggur fyrir þarf að taka fram í gögnum frá skipulagi að áður nefnd lagning vegar sé heimil af hálfu Þjóðminjasafns, en gerður er fyrirvari um minjar sem kunna að finnast við vettvangskönnunina".

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til að kærufrestur er liðinn.

3. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

Markmið framkvæmdarinnar er að endurnýja hluta Hólmavíkurveggar nr. 61, sem fullnægir ekki skilyrðum sem gerð eru til stofnveggar, samkvæmt frummatsskýrslunni. Vegurinn liggur nú í gegnum Borðeyrarkauptún og umferðin veldur þar slyshættu og óþægindum, einkum hávaða og ryki. Með þessari tillögu að Hólmavíkurvegi er skilin sundur umferð um þjóðveginn og umferð í kaupúninu og er gert ráð fyrir að slyshætta minnki þannig verulega. Einnig er kynnt ný vegartenging Borðeyarveggar nr. 640 frá Hólmavíkurvegi niður á Borðeyri.

1. Endurbygging Hólmavíkurveggar nr. 61 í vestanverðum Hrutafirði, frá Valdasteinsstöðum, um Borðeyri, að Laugarholti.

Tillaga sú sem kynnt er í frummatsskýrslu miðar að því að færa umferðina og hættu og ónæði af henni frá þéttbýliskjarnanum á Borðeyri. Nýi vegurinn verður í um 90 m fjarlægð frá öllum húsum nema Lyngholti og mun þessi nýi vegur draga úr umferðargný.

Þjóðminjasafn Íslands, er eini aðilinn sem gert hefur athugasemd við ofangreinda vegarlínu. Í umsögn þess er bent á rústir Refsstaða í landi Valdasteinsstaða. Þar segir einnig: „Því verður að ganga úr skugga um hvort rústir bæjarins séu í hættu vegna framkvæmdanna".

Skipulag ríkisins fór þess á leit við Þjóðminjasafn Íslands, í bréfi dagsettu 1. september 1994 að Þjóðminjasafnið leggi til á hvern hátt það vill bregðast við vegna Refsstaða, og hvernig best sé að ganga úr skugga um hvort rústir bæjarins að Refsstöðum séu í hættu. Í bréfi frá Þjóðminjasafninu dagsettu 6. september 1994 kemur fram að safnið muni senda fulltrúa sinn til að kanna vegarstæðið með fulltrúa Vegagerðarinnar til að komast að því hvar Refsstaðir voru til forna. Skýrsla úr þessari ferð verður send Skipulagi ríkisins og Vegagerðinni. Lagt er til að þar til skýrslan liggja fyrir þurfi að taka fram í gögnum frá Skipulagi ríkisins að áður nefnd lagning vegar sé heimil af hálfu Þjóðminjasafns, en gerður sé fyrirvari um minjar sem kunna að finnast við vettvangskönnunina.

Niðurstaða skipulagsstjóra er sú að fallist er á endurbyggingu Hólmavíkurveggar nr. 61, eins og hún er kynnt í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar.

2. Vegartenging Borðeyrarvegur nr. 640 af Hólmavíkurvegi niður á Borðeyri.

Lagt er til í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar að Borðeyri verði tengd með Borðeyrarvegi nr. 640 af Hólmavíkurvegi. Þetta er 0,7 km langur kafli.

Samkvæmt frummatsskýrslunni voru kannaðir fleiri kostir, t.d. tvöföld tenging við Borðeyri eftir núverandi vegi. Ennfremur var skoðuð tenging norðan grunnskólans á núverandi veg. Þessum möguleikum var hafnað, þar sem þeir voru ýmist vegtæknilega ófullnægjandi, einkum hvað varðar bratta, tengivegurinn yrði mjög langur og að mati hreppsnefndar yrði brekkan niður á eyrina, án verulegra breytinga á legu, alltaf full af snjó að vetrarlagi. Niðurstaða umræðna hreppsnefndar og Vegagerðarinnar er tillaga 1, þar sem byggðin er tengd með einum afleggjara, sem liggur í sveigum niður á eyrina og að öðrum tengingum verði lokað.

Náttúruverndarráð gerði athugasemd við breytingu á Borðeyrarvegi (nr. 640) og leggst gegn því að lagður verði vegur fyrir austan „verkstæðið“ og yfir hluta af fjörunni, eins og tillaga vegagerðar sýnir merkt tillaga 1. (Skýrsla Vegagerðar ríkisins, Ísafirði, júlí 1994), vegna náttúruverndar- og útivistarsjónarmiða.

Í umsögn sinni frá 1. september 1994, svarar hreppsnefnd Bæjarhrepps umsögn Náttúruverndarráðs og leggst eindregið gegn því að Borðeyrarvegur nr. 640, verði lagður milli verkstæðisins og grunnskólans eins og tillaga II, gerir ráð fyrir.

Í athugasemdum Vegagerðarinnar frá 5. september við umsögn Náttúruverndarráðs, kemur meðal annars fram að vegurinn samkvæmt tillögu II sé ófullnægjandi lausn og hafi þeirri tillögu því verið hafnað, bæði af sveitarstjórn og Vegagerðinni, þar sem sú lausn útiloki bættar tengingar við öll hús ofan eyrarinnar. Þessar tengingar hafa verið ófullnægjandi, en breytt lega þjóðvegarins verði til bóta“.

Niðurstaða skipulagsstjóra er sú að fallist er á tillögu Vegagerðarinnar að legu Borðeyrarvegur nr. 640 án skilyrða.

4. SKIPULAG

1. Áður en framkvæmdir geta hafist þarf að ganga frá skipulagsuppdrætti af fyrirhuguðum vegi. Skipulagsuppdrátturinn er síðan lagður fyrir skipulagsstjórn ríkisins til samþykktar samkvæmt 2. málsgrein 5. greinar skipulagslaga nr. 19/1964 ásamt síðari breytingum, þar sem kynning við frumathugun er talin nægjanleg.
2. Lagt er til að unnið sé deiliskipulag af Borðeyri og það lagt fram til afgreiðslu samkvæmt grein 4.4.1. í skipulagsreglugerð frá 1985.

5. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins yfirfarið gögn þau sem fram voru lögð af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim. Fallist er á endurbygging Hólmavíkurvegar nr. 61 í vestanverðum Hrutafirði, frá Valdasteinsstöðum, um Borðeyri, að Laugarholti og

vegartengingu Borðeyrarveggar nr. 640 frá Hólmavíkurvegi niður á Borðeyri, eins og hún er kynnt í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar.

6. LEYFI TIL FRAMKVÆMDAR.

Áður en framkvæmd getur hafist þarf sveitarstjórn Bæjarhrepps að gefa út formlegt leyfi til framkvæmdar, þar sem tekið er fullt tillit til úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins.

7. KÆRUFRESTUR

Úrskurð þennan má kæra til umhverfissráðherra til og með 6. október 1994.

Reykjavík 7. september 1994

Stefán Thors
Skipulagsstjóri ríkisins